

Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað, umdæmi V aríó 1925.

Skógurinn: Grisjun hefur farið fram á þessum skógarteigum og höggvið á hverjum fyrir sig eins og hér segir:

Vöðuhrauni	264	hestb.	hrís.
Sv. milli Kerlingarár og Atlavíkurlæks	1.112	-	-
Sveðinu milli Kerlingarár og Staðarár	112½	-	-
Lambabólunum	7	-	-
Hólunum	236	-	-
Partinum	328.80	-	-

Alls höggvið 1.059 hestb. hrís.

Af einivíð hefur verið selt og höggvið 980 kg. 9,8 hestb. Allt mjóir raflar í girðingarstaura og auk þess 400-500 staurar í Skógargirðinguna á Bjarginu, sem áætla má að geri um 40 hestb. Alls höggvið um 50 hestb. einivíður.

Ársvöxtur: Sumarið var sólríkt og jafn heitt. Skógurinn var orðinn algrænn 9. júní. Lengstu árssprotar urðu um 29 þuml. Sumarið var óvenjulega þurrkasamt. Þar sem jarðgrunnt var sólnaði skógurinn um miðjan ágústmánuð vegna þurrkanna.

Frævöxtur: Þegar þess er gætt að sumarið var eitt af þeim blífustu, sem koma hér á landi, mætti ætla að frævöxtur hefði orðið mi ill, en svo reyndist þó ekki. Frævöxtur varð lítill, helst á gömlum trjám. Berjavöxtur varð einnig mjög lítill. Reyniber spruttu ekki í skóginum hér. Af hrútaberjum var æði mikið. Bláber sáust varla. Kræki-ber spruttu lítið eitt.

Maðkur sást enginn í skóginum á þessu ári.

Girðingin: Gært var á fjallinu, Bjarginu fyrir ofan skoginn, þar sem hingað til hafa verið látnir duga klettur sem áhaldi, en reyndist alveg ófullnægjandi að sumarlagi. Lengd viðbótargirðingarinnar sem sett var upp í sumar, er 2530 metrar. Girt var með virneti, en not þir staurar úr skóginum, að öðru leyti en 40 járnstaurar, sem settir voru inn á milli birkistaurana hingað og þangað. Um 300 metrar af gömlu girðingunni þurfti að færa til í rétt horf við nýju girðinguna.

Endurbætur á hömlu girðingunni voru talsverðar, eins og oft áður.

Græðireiturinn: Sáð var birkifræi sunnan úr Öræfum. Það kom vel og plönturnar náðu góðum framförum í sumar.

Dreifit var af þessum tegundum:

Reynir	1.350	stk.
Birki	680	-
Sent var:	2.030	- allt endurdreift.

Selt var úr græðireitnum:

Birki	96	-
Reyniviður	158	-
Víðir	105	-
Lævirkjatré	44	-
Ribs	35	-
Fura	10	-
Greni	12	-
<hr/>		
Samtals:	454	stk.

Auk þess sent til Skógræktarstjóra:

Birki	800	-
Reynir	810	-
Lævirki	120	-
<hr/>		

All látið úr græðireitnum: 2.184 stk.

Úr skóginum seldar Birkiplöntur 55 -

Samtals sent af plöntum 2.239 stk.

Vöxtur Í græðireitnum var góð framför, þó háði þurrkur nokkuð, eftir að kom fram í júlí. Annars var sumarið hagstætt fyrir allan gróður.

Byggingar: Þakið á baðstofunni á Ormsstöðum klætt með járni og svo tyrft. Baðstofan var farin að leka mikið. Pappi, sem áður var undir torfinu var orðinn ónytur. Einnig var baðstofan rétt við, því hún var farin að skékkjast nokkuð. Nokkrir bekkjir voru einnig settir upp í kjallara undir baðstofunni. Á þakið fóru um 30 plötur.

Hallormsstað 11. janúar 1926,
Guttormur Pálsson.